



ENOR

Enor ehf. | s. 430 1800 | [www.enor.is](http://www.enor.is)



*Akureyrarbær*

*Endurskoðunarskýrsla 2018*

# Efnisyfirlit

---

	<i>Bls.</i>
<i>Endurskoðun ársins 2018</i>	<i>3</i>
<i>Helstu niðurstöður endurskoðunar</i>	<i>4</i>
<i>Ársreikningur sveitarfélagsins</i>	<i>5 - 8</i>
<i>Reikningshaldslegt mat</i>	<i>9 - 11</i>
<i>Notkun reikningsskilaaðferða</i>	<i>12 - 13</i>
<i>Endurmat hjá Norðurorku</i>	<i>14</i>
<i>Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti</i>	<i>15</i>
<i>Önnur mikilvæg atriði</i>	<i>16</i>

# Endurskoðun ársins 2018

Akureyri, 12. apríl 2019

## Bæjarstjórn Akureyrarbæjar

Við höfum lokið endurskoðun okkar á ársreikningi Akureyrarbæjar fyrir árið 2018. Markmið endurskoðunarinnar er að skila sveitarfélaginu og hagsmunaaðilum óháðu álit á reikningsskilum sveitarfélagsins. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Í álit okkar á ársreikning sveitarfélagsins segir: Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Að endurskoðuninni komu eftirtaldir starfsmenn Enor:

Davíð Búi Halldórsson, löggiltur endurskoðandi  
Niels Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi  
Hjörtur Bjarki Halldórsson, löggiltur endurskoðandi  
Arnar Þór Arnarsson, lögfræðingur  
Karen Björk Gunnarsdóttir, viðskiptafræðingur

Við þökkum stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins alla þá aðstoð sem okkur var veitt. Ef upp vakna spurningar um endurskoðunina eða niðurstöður hennar þá hvetjum við stjórn eða stjórnendur til þess að hafa samband við okkur.

Virðingarfyllst,

Enor ehf.



Davíð Búi Halldórsson  
löggiltur endurskoðandi



Niels Guðmundsson  
löggiltur endurskoðandi

Tengiliðir hjá ENOR:

**Davíð Búi Halldórsson**  
Löggiltur endurskoðandi

Netfang: [david.bui@enor.is](mailto:david.bui@enor.is)  
Sími: 430 1810  
Gsm: 851 1800

**Niels Guðmundsson**  
Löggiltur endurskoðandi

Netfang: [niels@enor.is](mailto:niels@enor.is)  
Sími: 430 1806  
Gsm: 851 1806

Enor ehf.  
Hafnarstræti 53  
600 Akureyri  
s. 430 1800

[enor@enor.is](mailto:enor@enor.is) | [www.enor.is](http://www.enor.is)

# Helstu niðurstöður

Hér á eftir eru settar fram helstu niðurstöður endurskoðunarinnar, ítarlegri umfjöllun um einstaka liði er á blaðsíðum 5 til 16 í skýrslunni.

## **Ársreikningur sveitarfélagsins**

Ársreikningur Akureyrarbæjar hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð á árinu 2018 um kr. 383,8 millj. samanborið við kr. 341,4 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun. Hagnaður varð á rekstri samstæðu sveitarfélagsins A og B hluta að fjárhæð kr. 377,4 millj. á árinu 2018 samanborið við kr. 229,6 millj. hagnað skv. fjárhagsáætlun. Afkoma samstæðunnar var því kr. 147,9 millj. betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Hækkun lífeyrisskuldbindinga í A hlutanum nam kr. 978 millj. á árinu 2018 en samanlögð hækkun A og B hluta var kr. 1.024 millj. Veruleg hækkun var á skuldbindingum LSA milli ára en árið 2017 hafði uppgjör við Brú lífeyrissjóð áhrif til hækkunar á gjaldfærslu vegna lífeyrisskuldbindinga sveitarfélagsins.

Afskriftir A og B hluta hækka um kr. 111 millj. milli ára en verulegar fjárfestingar hafa verið hjá sveitarfélaginu og dótturfélaginu Norðurorku sem skýra þá hækkun.

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta hækka um kr. 7.499 millj. milli ára og nema samtals kr. 45.080 millj. í árslok 2018. Endurmat var framkvæmt á veitukerfum og fasteignum Norðurorku í árslok 2018 og nam heildarendurmatshækkun kr. 3.545 millj. Lóðir og lendum sveitarfélagsins voru einnig endurmetnar og nam endurmatshækkun þeirra kr. 1.154 millj. Heildarfjárfesting samstæðunnar á árinu nam kr. 4.391 millj. en afskriftir námu kr. 1.489 millj.

Skuldir við lánastofnanir hækka um kr. 3.230 millj. milli ára ef teknar eru með næsta árs afborganir langtímaskulda. Á árinu 2018 voru tekin ný langtímalán að fjárhæð kr. 5.397 millj. hjá samstæðunni.

Skuldahlutfall samstæðu sveitarfélagsins sem reiknað er í samræmi við reglur um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga var 75% í árslok 2018 og lækkar nokkuð milli ára vegna breytinga á reglum um útreikning hlutfallsins.

## **Reikningshaldslegt mat**

Við teljum að mat óinnheimtra skatttekna og annarra krafna í árslok 2018 sé í samræmi við reikningsskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Við teljum að eignarhlutir sveitarfélagsins séu hæfilega metnir í árslok 2018.

## **Reikningshaldslegt mat - lífeyrisskuldbindingar**

Við höfum farið yfir flokkun, framsetningu og upplýsingar í skýringum í ársreikningi sveitarfélagsins varðandi lífeyrisskuldbindingar, og er það mat okkar að þar séu veittar viðeigandi upplýsingar í tengslum við lífeyrisskuldbindingar sveitarfélagsins.

## **Notkun reikningsskilaaðferða**

Gerð var breyting á reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins til samræmis við nýtt álit reikningsskilaráðs um meðferð á leigusamningum um hjúkrunarheimili milli ríkis og sveitarfélaga. Færð er upp langtímakrafa á ríkið vegna leigusamnings um hjúkrunarheimilið Lögmanshlíð en breytingarnar hafa áhrif á samanburðartölur í ársreikningi og eiginfjárstöðu sveitarfélagsins.

Það er mat okkar að sveitarfélagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Við höfum yfirfarið reikningsskilin með tilliti til laga um ársreikninga og settra reikningsskilareglna. Engin veruleg frávik komu fram við þá yfirferð.

## **Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti**

Miðað við eðli og umfang starfseminnar teljum við að eftirlitsumhverfi sveitarfélagsins og áhættumat sé í eðlilegum farvegi. Engin sérstök frávik eða veikleikar á innra eftirliti komu fram við yfirferð okkar vegna ársins 2018. Áherslan hjá okkur í endurskoðun ársins 2018 var á lykileftirlitsþætti í kostnaðarferlum (launum og almennum kostnaði) og á eftirlit með fjárhagskerfum sveitarfélagsins.

# Ársreikningur sveitarfélagsins

## Rekstrarreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2018	Áætlun	2017	2018	Áætlun	2017
<b>Rekstrartekjur</b>						
Skatttekjur .....	11.618.461	11.572.000	10.922.701	11.535.034	11.465.000	10.844.789
Framlög jöfnunarsjóðs .....	3.427.947	3.240.000	3.194.377	3.427.947	3.240.000	3.194.377
Aðrar tekjur .....	3.980.662	3.616.661	3.737.148	10.643.122	9.744.518	9.824.228
	<u>19.027.070</u>	<u>18.428.661</u>	<u>17.854.225</u>	<u>25.606.103</u>	<u>24.449.518</u>	<u>23.863.394</u>
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	11.075.013	11.144.126	10.353.456	14.081.595	14.170.287	13.208.538
Hækkun lífeyrisskuldbindinga .....	978.386	400.000	1.527.441	1.024.247	412.000	1.123.616
Annar rekstrarkostnaður .....	5.926.970	5.639.866	5.339.545	7.385.294	6.766.166	6.731.091
Afskriftir .....	868.615	903.731	811.563	1.496.466	1.536.567	1.385.869
	<u>18.848.984</u>	<u>18.087.723</u>	<u>18.032.005</u>	<u>23.987.602</u>	<u>22.885.020</u>	<u>22.449.114</u>
Rekstrarniðurst. fyrir fjárm. liði .....	178.085	340.938	(177.781)	1.618.501	1.564.498	1.414.281
Fjármagnsliðir .....	(561.908)	(682.305)	(326.126)	(1.192.414)	(1.258.936)	(788.769)
Tekjuskattur .....	0	0	0	(68.144)	(75.997)	(61.084)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	0	0	0	19.494	0	19.032
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	<b>(383.822)</b>	<b>(341.367)</b>	<b>(503.907)</b>	<b>377.437</b>	<b>229.565</b>	<b>583.460</b>

### Kostnaðarliðir í hlutfalli af tekjum:

Laun og launatengd gjöld .....	58%	60%	58%	55%	58%	55%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga .....	5%	2%	9%	4%	2%	5%
Annar rekstrarkostnaður .....	31%	31%	30%	29%	28%	28%

### Stærðir í rekstri pr. íbúa:

Skatttekjur og jöfnunarsjóður .....	795	783	751	791	777	747
Aðrar tekjur .....	210	191	199	563	515	523
Laun og launatengd gjöld .....	585	589	551	744	749	703
Annar rekstrarkostnaður .....	313	298	284	390	358	358
Fjármagnsliðir .....	(30)	(36)	(17)	(63)	(67)	(42)

## Rekstrartekjur

Rekstrartekjur A og B hluta námu kr. 25.606 millj. á árinu 2018 og hækka um kr. 1.743 millj. milli ára eða um 7,3%. Tekjur samstæðunnar eru 4,7% umfram áætlun ársins 2018.

## Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld A og B hluta námu kr. 14.082 millj. á árinu 2018 og hækka um kr. 873 millj. eða 6,6%. Liðurinn er um 0,6% undir áætlun ársins. Laun í grunnskólum sveitarfélagsins voru heilt yfir undir áætlun. Fjöldi meðalstöðugilda hækka um 2,4% og voru 1.563 á árinu 2018 en 1.527 árið áður.

## Lífeyrisskuldbindingar

Hækkun lífeyrisskuldbindinga í A hlutanum nam kr. 978 millj. á árinu 2018 en samanlögð hækkan A og B hluta var kr. 1.024 millj. Veruleg hækkan var á skuldbindingum LSA milli ára en árið 2017 hafði uppgjör við Brú lífeyrissjóð áhrif til hækkanar á gjaldfærslu vegna lífeyrisskuldbindinga sveitarfélagsins.

## Afskriftir

Afskriftir A og B hluta hækka um kr. 111 millj. milli ára en verulegar fjárfestingar hafa verið hjá sveitarfélaginu og dótturfélaginu Norðurorku sem skýra þá hækkan. Gert er ráð fyrir að afskriftir dótturfélagsins Norðurorku hækki um kr. 150 millj. milli árána 2018 og 2019 vegna endurmats í árslok 2018 og verulegra fjárfestinga.

## Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir hjá A og B hluta voru neikvæðir um kr. 1.192 millj. á árinu 2018 sem er nokkuð í takt við áætlun. Verðbólga á árinu 2018 var hærri en árið áður sem skýrir hækkan milli ára að stórum hluta.

# Ársreikningur sveitarfélagsins

## Afkoma og samanburður við áætlun

Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð á árinu 2018 um kr. 383,8 millj. samanborið við kr. 341,4 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun.

Hagnaður varð á rekstri samstæðu sveitarfélagsins A og B hluta að fjárhæð kr. 377,4 millj. á árinu 2018 samanborið við kr. 229,6 millj. hagnað skv. fjárhagsáætlun. Afkoma samstæðunnar var því kr. 147,9 millj. betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Skatttekjur voru kr. 238,7 millj. eða 1,5% yfir áætlun. Aukin framlög frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga skýra að mestu þetta frávik frá áætlun ársins.

Félagsþjónustan er kr. 191,6 millj. undir áætlun sem skýrist að mestu af lægra framlagi til Öldrunarheimila Akureyrarbæjar vegna betri afkomu af rekstri þeirra en gert hafði verið ráð fyrir í áætlun.

Breyting lífeyrisskuldbindinga í aðalsjóði var neikvæð um kr. 978,4 millj. á árinu samanborið við kr. 400,0 millj. skv. áætlun ársins. Hækkun skuldbindinga hjá Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar var nokkuð umfram væntingar.

Enginn rekstur er undir Heilsugæslustöðinni á Akureyri en þar færast aðeins breyting á lífeyrisskuldbindingu og fjármagnsgjöld.

Nánar er fjallað um lífeyrisskuldbindingar á bls. 11 í skýrslunni.

Rekstur Fasteigna Akureyrarbæjar var jákvæður um kr. 589,9 millj. samanborið við kr. 460,0 millj. skv. áætlun. Frávik frá áætlun skýrist helst af kr. 67 millj. söluhagnaði af Rýminu en fjármagnskostnaður var einnig lægri en gert hafði verið ráð fyrir í áætlun.

Rekstur Framkvæmdamiðstöðvar var neikvæður um kr. 58,9 millj. samanborið við kr. 4,7 millj. skv. áætlun. Sjá nánari umfjöllun um rekstur Framkvæmdamiðstöðvarinnar á bls. 16 í skýrslunni.

Rekstur Hafnasamlags Norðurlands var jákvæður um kr. 322,6 millj. samanborið við kr. 198,0 millj. í áætlaðan hagnað. Tekjur hafa haldið áfram að aukast en einnig var söluhagnaður um kr. 84 millj. á Flotkví sem var seld til Slíppsins.

Yfirlitið hér fyrir neðan sýnir helstu frávik frá áætlun á árinu 2018.

Frávik frá áætlun (í þús kr.)	Rauntölur	Áætlun	Frávik	Frávik %
Skatttekjur .....	15.783.699	15.545.000	238.699	1,5%
Félagsþjónusta .....	(3.554.788)	(3.746.365)	191.577	-5,1%
Heilbrigðismál .....	(70.362)	(23.771)	(46.591)	196,0%
Fræðslumál .....	(7.221.194)	(7.279.969)	58.775	-0,8%
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....	(978.386)	(400.000)	(578.386)	144,6%
Fasteignir Akureyrarbæjar .....	589.900	459.994	129.906	28,2%
Framkvæmdamiðstöð .....	(58.877)	(4.732)	(54.145)	1144,2%
Aðrir málafll. og stofnanir í aðalsjóði ...	(4.873.817)	(4.891.524)	17.707	-0,4%
A hluti samtals	(383.825)	(341.367)	(42.458)	12,4%
Hafnasamlag Norðurlands b.s .....	322.648	198.045	124.603	62,9%
Heilsugæslustöðin á Akureyri .....	(56.842)	(1.762)	(55.080)	3126,0%
Norðuroorka hf. ....	559.136	492.809	66.327	13,5%
Önnur B hluta fyrirtæki .....	(16.990)	(24.718)	7.728	-31,3%
Millifærslur A og B hluta .....	(46.692)	(93.442)	46.750	-50,0%
A og B hluti samtals	377.435	229.565	147.870	64,4%

# Ársreikningur sveitarfélagsins

## Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2018	2017	2018	2017
<b>Fastafjármunir</b>				
Viðskiptavild .....	0	0	53.810	60.984
Fasteignir og lóðir .....	22.464.455	20.683.525	25.414.380	23.066.889
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur .....	1.949.415	1.752.319	17.809.655	12.811.504
Vélar, áhöld og tæki .....	1.260.308	1.311.877	1.855.767	1.702.696
Leigðar eignir .....	212.651	258.408	212.651	258.408
Eignarhlutir í dóttur- og hlutd. ....	0	0	267.236	253.722
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	485.909	485.909	768.510	733.356
Langtímakröfur .....	1.036.887	1.020.221	988.348	971.980
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	1.259.216	0	1.259.216	0
	<b>28.668.841</b>	<b>25.512.259</b>	<b>48.629.574</b>	<b>39.859.540</b>
<b>Veltufjármunir</b>				
Birgðir .....	81.115	72.376	248.883	248.848
Óinnheimtar skatttekjur og kröfur .....	1.362.443	1.307.421	1.766.795	1.706.937
Næsta árs afb. af langtímakröfum .....	63.469	61.316	62.145	60.197
Kröfur á eigin fyrirtæki og tengda .....	596.904	405.584	12.460	14.727
Aðrar skammtímakröfur .....	143.595	139.098	229.922	257.019
Markaðsverðbréf .....	0	0	414.669	404.722
Handbært fé .....	2.077.149	1.876.680	2.819.446	3.152.534
	<b>4.373.055</b>	<b>3.862.474</b>	<b>5.602.702</b>	<b>5.844.984</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>33.041.897</b>	<b>29.374.733</b>	<b>54.232.275</b>	<b>45.704.524</b>
<b>Lykiltölur</b>				
Veltufjárhlutfall .....	1,20	0,96	1,38	0,87
Heildareignir pr. íbúa .....	1.746	1.563	2.866	2.433

## Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta hækka um kr. 7.499 millj. milli ára og nema samtals kr. 45.080 millj. í árslok 2018.

Endurmat var framkvæmt á veitukerfum og fasteignum Norðurorku í árslok 2018 og nam heildarendurmatshækkun kr. 3.545 millj.

Lóðir og lendur sveitarfélagsins voru einnig endurmetnar og nam endurmatshækkun þeirra kr. 1.154 millj.

Heildarfjárfesting samstæðunnar á árinu nam kr. 4.391 millj. en afskriftir námu kr. 1.489 millj.

Helstu fjárfestingar ársins voru:

- Fasteignir Akureyrar kr. 1.268 millj. í fasteignum og búnaði en þar af nam fjárfesting vegna Listasafns kr. 645 millj. og vegna Sundlaugar Akureyrar kr. 189 millj.
- Eignasjóður kr. 305 millj. í götum og búnaði.
- Félagslegar íbúðir kr. 195 millj. í íbúðum.
- Hafnasamlag Norðurlands kr. 248 millj. í hafnarmannvirkjum og nýjum dráttarbat en heildarkostnaður við nýjan dráttarbat á árunum 2016 til 2018 nam kr. 512 millj. en á móti komu framlög frá ríkinu kr. 283 millj.
- Norðurorka hf. kr. 2.215 millj. í veitumannvirkjum, fasteignum og búnaði en þar af nam fjárfesting hjá dótturfélaginu Fallorku kr. 549 millj. sem er að stórum hluta vegna nýrrar virkjunar á Glerárdal.

## Langtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Vegna breytinga á reikningsskilaaðferðum er færð upp langtímakrafa á ríkið að fjárhæð kr. 1.037 millj. í árslok 2018 vegna leigusamnings um hjúkrunarheimili við Vestursíðu. Nánar er fjallað um breytingarnar á bls. 12 í skýrslunni.

Færð hefur verið upp krafa undir fyrirframgreiddum kostnaði vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð sbr. umfjöllun á bls. 11 í skýrslunni.

# Ársreikningur sveitarfélagsins

## Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2018	2017	2018	2017
<b>Eigið fé</b>				
Eiginfjárreikningur .....	12.918.563	12.148.145	24.795.593	20.181.028
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>				
Lífeyrisskuldbindingar .....	3.865.291	3.034.807	4.322.526	3.479.228
Tekjuskattskuldbinding .....	0	0	635.531	156.580
Skuldir við lánastofnanir .....	12.216.768	9.701.339	20.038.285	14.725.594
Leiguskuldir .....	388.809	450.953	388.809	450.953
	16.470.868	13.187.099	25.385.151	18.812.355
<b>Skammtímaskuldir</b>				
Viðskiptaskuldir .....	674.377	574.384	922.598	906.743
Skuldir við eigin fyrirtæki .....	631.842	516.206	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	418.198	431.368	631.691	2.714.692
Næsta árs afborganir leiguskulda .....	76.805	70.766	76.805	70.766
Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindinga .....	179.771	767.157	201.036	787.826
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	253.201	316.618	253.201	316.618
Aðrar skammtímaskuldir .....	1.418.271	1.362.989	1.966.199	1.914.495
	3.652.465	4.039.488	4.051.531	6.711.141
<b>Skuldir samtals</b>	<b>20.123.333</b>	<b>17.226.589</b>	<b>29.436.682</b>	<b>25.523.497</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>33.041.897</b>	<b>29.374.733</b>	<b>54.232.275</b>	<b>45.704.524</b>
<b>Lykiltölur</b>				
Eiginfjárlutfall .....	39%	41%	46%	44%
Skuldahlutfall skv. reglum um fjárh.viðm. ....	59%	82%	75%	87%
Eigið fé pr. íbúa .....	683	647	1.311	1.074
Skuldir og skuldbindingar pr. íbúa .....	1.064	917	1.556	1.358

## Eiginfjárreikningur

Staða eiginfjárreiknings sveitarfélagsins í A og B hluta hækkar um kr. 4.615 millj. milli ára. Afkoma A og B hluta að fjárhæð kr. 377,4 millj. kemur til hækkunar á eigin fé en auk þess er færð beint á eiginfjárreikninginn færsla vegna endurmats á lóðum og lendum að fjárhæð kr. 1.154 millj. og færsla vegna endurmats á veitukerfum og fasteignum Norðurorku að fjárhæð kr. 3.081 millj.

## Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar A og B hluta hækka um kr. 256,5 millj. milli ára. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga námu kr. 767,8 millj. en gjaldfærð hækkan kr. 1.024,2 millj. Nánari umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar er á bls. 11 í skýrslunni.

## Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir hækka um kr. 3.230 millj. milli ára ef teknar eru með næsta árs afborganir langtímaskulda. Á árinu 2018 voru tekin ný langtímalán að fjárhæð kr. 5.397 millj. hjá samstæðunni. Nýjar lántökur hjá Aðalsjóði námu kr. 2.499 millj. vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð. Nýjar lántökur hjá Norðurorku og Fallorku námu kr. 2.800 millj. en stór hluti af því var vegna endurfjármögnunar eldri lána.

## Skuldahlutfall

Skuldahlutfall samstæðu sveitarfélagsins sem reiknað er í samræmi við reglur um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga var 75% í árslok 2018 og lækkar nokkuð milli ára. Lækkun á hlutfallinu er m.a. tilkomin vegna breytinga á reglum um útreikning hlutfallsins en mv. núverandi reglur hefði skuldahlutfall samstæðunnar verið 70% í árslok 2017.



# Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

## Mat viðskiptakrafna

Mat viðskiptakrafna sveitarfélagsins var yfirfarið með stjórnendum.

Niðurfærsla óinnheimtra skatttekna og viðskiptakrafna í árslok 2018 hjá A-hluta nam kr. 402,9 millj. sem er 22,8% af útistandandi kröfum, samanborið við kr. 334,9 millj. og 20,4% í ársbyrjun. Niðurfærsla hjá A og B-hluta nam kr. 439,0 millj. samanborið við kr. 368,8 millj. í ársbyrjun.

Stærstur hluti niðurfærslunnar er vegna útistandandi útsvarsskulda eða kr. 368,1 millj. í árslok 2018. Útistandandi útsvarsskuldur sem eru orðnar eldri en frá árinu 2014 eru færðar að fullu niður og ef heildin er tekin þá eru útistandandi útsvarstekjur færðar niður um 84,6% í árslok 2018. Við höfum einnig farið yfir niðurfærslu annarra krafna en innheimta hefur almennt gengið vel hjá sveitarfélaginu undanfarið. Á árinu voru endanlega færðar út kröfur að fjárhæð kr. 28,1 millj. hjá A- og B hluta.

## Niðurstaða

Við teljum að mat viðskiptakrafna í árslok 2018 sé í samræmi við reikningskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

## Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

A hluti (í þús. kr.)	2018	2017
Viðskiptakröfur .....	1.765.353	1.642.272
Niðurfærsla krafna .....	(402.910)	(334.851)
Viðskiptakröfur nettó .....	1.362.443	1.307.421
Niðurfærsla í %	22,8%	20,4%
A- og B hluti (í þús. kr.)	2017	2017
Viðskiptakröfur .....	2.205.819	2.075.751
Niðurfærsla krafna .....	(439.024)	(368.814)
Viðskiptakröfur nettó .....	1.766.795	1.706.937
Niðurfærsla í %	19,9%	17,8%

# Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

## Mat eignarhluta í félögum

Mat á eignarhlutum sveitarfélagsins var yfirfarið.

Bókfært verð eignarhluta í dóttur- og hlutdeildarfélögum var kr. 267,2 millj. í árslok 2018. Færð var hlutdeild í afkomu Norak ehf. og Tengis ehf. sem eru hlutdeildarfélög Norðurorku hf. og nam hlutdeildin kr. 19,5 millj. Eignarhlutirnir endurspeгла hlutdeild samstæðunnar í eigin fé félöganna.

Bókfært verð eignarhluta í öðrum félögum hjá sveitarfélaginu var kr. 768,5 millj. í árslok. Stærstur er eignarhlutur í Lánasjóði sveitarfélaga en skv. ársreikningi lánasjóðsins fyrir árið 2018 á sveitarfélagið um 5,49% eignarhlut. Hlutdeild sveitarfélagsins í eigin fé lánasjóðsins er kr. 983 millj. mv. ársreikning sjóðsins fyrir árið 2018 en engin skylda er á sveitarfélaginu um að meta hlutinn í samræmi við eiginfjárstöðu sjóðsins.

Skoða þarf flokkun á eignarhlutum sveitarfélagsins í Flokkun Eyjafjörður ehf. og Moltu ehf. á árinu 2019.

Sveitarfélagið lagði fram stofnframlög til Brynju hússjóðs ÖBÍ að fjárhæð kr. 14,2 millj. vegna kaupa á fimm íbúðum og Bjargs íbúðafélags vegna byggingar á 26 íbúðum að fjárhæð kr. 19,0 millj. Samkvæmt samningum um þessi framlög skulu þau endurgreidd þegar þau lán sem tekin eru til að standa undir fjármögnun hafa verið greidd upp. Erfitt er að meta í dag þá fjárhæð sem líklegt er að endurgreiðist sveitarfélaginu í framtíðinni og standa framlögin því óbreytt í bókhaldi sveitarfélagsins í árslok og gerum við ekki athugasemdir við það.

Hér til hliðar má sjá sundurliðun á bókfærðu verði eignarhluta í árslok.

## Niðurstaða

Við teljum að eignarhlutir sveitarfélagsins séu í heild hæfilega metnir í árslok 2018.

Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum (í þús. kr.)	Bókfært verð	
	31.12 2018	31.12 2017
Flokkun Eyjafjörður ehf. ....	16.209	16.209
Norak ehf. ....	68.541	65.763
Tengir hf. ....	182.487	171.750
	<u>267.237</u>	<u>253.722</u>

Eignarhlutir í félögum (í þús. kr.)	Bókfært verð	
	31.12 2018	31.12 2017
Greið leið ehf. ....	186.196	186.196
Vaðlaböð ehf. ....	2.000	2.000
Þekkingarvörður ehf. ....	430	430
Landskerfi bókasafna hf. ....	4.079	4.079
Laxá hf. ....	29.369	29.369
Lánasjóður sveitarfélaga ohf. ....	485.909	485.909
Molta ehf. ....	25.000	25.000
NetOrka hf. ....	4.864	4.864
Dysnes ehf. ....	2.000	2.000
Norðurvegur ehf. ....	3.000	3.000
Orkey ehf. ....	2.000	2.000
Vistorka ehf. ....	500	500
Hlíða rhyggur ehf. ....	2.000	0
Brynja hússjóður, stofnframlag	14.180	0
Bjarg íbúðafélag, stofnframlag	18.974	0
Aðrir eignarhlutir	8	8
Niðurfærsla eignarhluta	(11.999)	(11.999)
	<u>768.510</u>	<u>733.356</u>

# Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

## Lífeyrisskuldbindingar

Nokkur óvissa hefur ríkt um fjárhæð lífeyrisskuldbindinga sveitarfélagsins og á árunum 2017 og 2018 voru verulegar breytingar á þessum lið í ársreikningi sveitarfélagsins.

Akureyrarbær er í bakábyrgð gagnvart öllum skuldbindingum Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar (LSA) samkvæmt samþykktum sjóðsins. Að mati stjórnenda Akureyrarbæjar bera aðrar stofnanir og fyrirtæki ábyrgð á verulegum hluta af skuldbindingum sjóðsins. Ekki hefur verið gengið frá formlegum samningum í tengslum við málið en einkum er um að ræða opinbera aðila sem eru að greiða viðbótarframlög inn í sjóðinn.

Í upphafi árs 2018 var skrifað undir samkomulag um tilhögun uppgjors lífeyrisskuldbindinga Akureyrarbæjar hjá Brú Lífeyrissjóði. Skuldbindingin sem nam samtals kr. 2.511,1 millj. hafði ekki verið reiknuð upp áður þar sem veruleg óvissa ríkti um fjárhæð hennar. Uppgjörið var fjármagnað með láni frá Lánasjóði sveitarfélaga og var greitt í febrúar 2018. Gefin var út reglugerð í tengslum við meðferð á skuldbindingunni í ársreikningum sveitarfélaga. Skuldbindingunni var skipt í þrennt, jafnvægisjóð (kr. 626 millj. gjaldfærðar 2017), lífeyrisaukasjóð (kr. 1.702 millj. gjaldfært á 30 árum) og varúðarsjóð (kr. 183 millj. gjaldfært á 20 árum). Þar sem öll skuldbindingin hefur verið greidd er færð upp krafa í ársreikningi sveitarfélagsins undir fyrirframgreiddum kostnaði að fjárhæð kr. 1.308 millj. Gerð er grein fyrir áhrifum samkomulagsins við Brú í skýringu nr. 19 í ársreikningi sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið hefur einnig átt í viðræðum við ríkið um uppgjör lífeyrisskuldbindinga vegna ákveðinna verkefna sem flust hafa milli ríkis og sveitarfélaga. Stjórnendur vonast til þess að klára þær viðræður á árinu 2019. Óvissa ríkir því um þessar skuldbindingar en það er mat stjórnenda sveitarfélagsins að uppgjör á þeim muni ekki hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

## Niðurstöður og helstu endurskoðunaraðgerðir

Við höfum fengið og yfirfarið upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar (LSA) og skiptingu á skuldbindingum sjóðsins. Símafundur var haldinn með tryggingastærðfræðingi LSA þar sem farið var yfir forsendur og mat, auk þess sem hæfi og óhæði hans var metið. Staðfest var hvaða aðilar eru að greiða viðbótariðgjöld inn í sjóðinn til þess að mæta skuldbindingum hans. Við settum einnig fram væntingar um stöðu skuldbindinganna í árslok og bárum saman við niðurstöður tryggingastærðfræðingsins.

Helstu niðurstöður yfirferðar hjá LSA eru eftirfarandi:

- Staða áfallinna skuldbindinga sjóðsins umfram eignir er neikvæð um 41,8% í árslok 2018 samanborið við 37,7% árið áður. Hlutfallið er því komið í sambærilegt hlutfall og í árslok 2016 en þá var staðan neikvæð um 41,6%. Áfallnar skuldbindingar hækka um 867,7 millj. kr. eða 4,8% og nema skuldbindingar umfram eignir 7.916,8 millj. kr.
- Með framtíðarskuldbindingum er staða sjóðsins neikvæð um 42,6% samanborið við 39,2% árið áður.
- Nafnávöxtun sjóðsins var 3,9% á árinu 2018 en hækkan vísitölu auk 2% tryggingar var tæp 9%.
- Forsendur eru að breytast en kominn er nýr reiknigrundvöllur fyrir lífslíkur sem hefur áhrif til hækkunar á skuldbindingum sjóðsins.
- Örorkulíkur var einnig breytt og lækkar skuldbinding á örorkulífeyri en á móti kemur hækkan á ellilífeyririnn vegna samsetningar hjá sjóðnum.

Við fórum einnig yfir flokkun, framsetningu og upplýsingar í skýringum í ársreikningi sveitarfélagsins og er það mat okkar að þar séu veittar viðeigandi upplýsingar í tengslum við lífeyrisskuldbindingar sveitarfélagsins.

# Notkun reikningskilaaðferða

## Lóðir og lendum

Samkvæmt áliti frá reikningskilanevnd sveitarfélaga skulu sveitarfélög meta lóðir og lendum sem þau hafa leigutekjur af og færa til eignar í efnahagsreikningi eignasjóðs. Lóðir og lendum eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendum eru endurmetnar með reglubundnum hætti og matsbreyting færð ef gangvirði hefur vikið verulega frá bókfærðu virði. Í árslok 2018 standa eignfærðar lóðir og lendum í kr. 9.344 millj. og hækka um kr. 1.154 millj. milli ára. Mat á lóðum og lendum er byggt á uppreikningi lóðaleigutekna. Lóðaleigutekjur sveitarfélagsins hækka nokkuð milli álagningar 2018 og 2019 og er uppreiknað mat þeirra að hækka um 14,1% milli ára. Miðað er við það að færð sé matsbreyting á lóðum og lendum ef uppreiknuð breyting er yfir 5%. Lóðir og lendum eru ekki afskrifaðar.

## Endurmat veitukerfa og fasteigna Norðurorku hf.

Í árslok 2018 var framkvæmt sérstakt endurmat á veitukerfum og fasteignum Norðurorku. Við endurmatið voru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis en gangvirði veitukerfa og fasteigna félagsins var ákvarðað útfrá afskrifuðu endurstofnsverði. Endurmat er fært til hækkunar á bókfærðu verði eigna og móti á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskatti.

Bókfært verð fastafjármuna er yfirfarið í hverju uppgjöri og mat lagt á það hvort vísbendingar séu komnar fram um virðisrýrnun þeirra. Virðisrýrnunarpróf voru framkvæmd á sjóðskapandi einingar félagsins, hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu mv. stöðu eigna í árslok 2018 eftir endurmat. Prófin voru framkvæmd til þess að staðfesta það hvort bókfært verð eigna stæði undir væntu framtíðarsjóðsstreymi eininganna.

Nánar er fjallað um endurmatið á bls. 14 í skýrslunni.

## Langtímakrafa á ríkissjóð vegna hjúkrunarheimilis

Reikningskilaráð gaf á árinu 2018 út álit á reikningshaldslegri meðferð leigusamninga um hjúkrunarheimili milli ríkis og sveitarfélaga. Álitð gerir ráð fyrir breytingum á þeirri aðferðafræði sem byggt hefur verið á í reikningskilum sveitarfélagsins varðandi hjúkrunarheimilið Lögmannshlíð við Vestursíðu á Akureyri. Sveitarfélagið fjármagnaði og sá um framkvæmdir við bygginguna en samkvæmt samningi er 85% hlutdeild ríkisins í framkvæmdinni greiddur með leigu til 40 ára. Eignin var færð að fullu upp í bókhaldi sveitarfélagsins og hafa leigugreiðslur vegna hennar verið tekjufærðar. Nýtt álit reikningskilaráðs gerir ráð fyrir að stofnkostnaður hjúkrunarheimila verði lækkaður um framlag ríkisins og í stað þess verði færð upp langtímakrafa á ríkissjóð.

Akureyrarbær hefur breytt reikningskilaaðferðum sínum til samræmis við álit reikningskilaráðs og þannig fært út eignina sem stóð undir liðnum fasteignum og lóðum í ársreikningi. Á móti var færð upp langtímakrafa á ríkið en hún er færð upp mv. núvirði leigugreiðslna á samningstímanum. Farið var yfir samninginn og viðauka við hann ásamt útreikningum á kröfunni og þeim færslum sem gerðar hafa verið vegna þessa.

Uppreiknuð nam krafan kr. 1.016,5 millj. en bókfært verð hjúkrunarheimilisins var á sama tíma kr. 730,4 millj. Í áliti reikningskilaráðs er ekki komið inn á það með hvaða hætti skuli farið með mismun sem myndast ef bókfært verð eignarinnar er lægra en uppreiknað virði langtímakröfunnar eins og er í tilfelli Akureyrarbæjar. Horft er til þess að þessi breyting varðar fyrri ár og var því munurinn færður yfir eigið fé.

Framangreindar breytingar hafa áhrif á samanburðartölur í ársreikningi og hækka afkoma ársins 2017 um kr. 26,7 millj. Breytingarnar hækka einnig eiginfjárstöðu sveitarfélagsins í árslok 2017 um kr. 286,1 millj. Gerð er grein fyrir breytingunni og áhrifum á samanburðartölur í skýringum á bls. 13 og 14 í ársreikningi samstæðu sveitarfélagsins.

# Notkun reikningsskilaaðferða

## **Fyrirframinnheimt gatnagerðargjöld**

Færð er upp skuldbinding vegna fyrirframinnheimtra gatnagerðargjalda hjá sveitarfélaginu undir Eignasjóði gatna. Í árslok 2018 nam skuldbindingin kr. 253,2 millj. samanborið við kr. 316,6 millj. í ársbyrjun. Nokkuð var um framkvæmdir á árinu 2018 sem skiluðu sveitarfélaginu tekjum í formi gatnagerðargjalda en töluverðar framkvæmdir voru einnig og því lækkar skuldbindingin. Haldið er utan um skuldbindinguna niður á einstök hverfi og mun skuldbindingin færast niður samhliða framkvæmdum við gatnagerð í viðkomandi hverfum á næstu árum.

## **Lífeyrisskuldbinding**

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Skuldbindingin felur í sér áætlaðan hlut sveitarfélagsins í áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar að fjárhæð kr. 4.356 millj. hjá A og B hluta. Auk þess hefur verið færð hjá A hluta skuldbinding vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að fjárhæð kr. 168 millj. kr. í árslok 2018.

Í janúar 2018 var skrifað undir samkomulag um tilhögun uppgjors lífeyrisskuldbindinga Akureyrarbæjar hjá Brú lífeyrissjóði. Uppgjör samkomulagsins er í samræmi við ný ákvæði sem sett voru inn í reglugerð nr. 1212/2015 um ársreikninga sveitarfélaga. Færð er upp krafa vegna fyrirframgreiðslna til Brú lífeyrissjóðs sbr. umfjöllun á bls. 11 og 12 í skýrslunni.

## **Mat á notkun reikningsskilaaðferða**

Við höfum yfirfarið reikningsskilin með tilliti til laga um ársreikninga og annarra laga og reglna sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga. Engin sérstök frávik komu fram við þá yfirferð.

Það er mat okkar að sveitarfélagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga, sveitarstjórnarlög, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og aðrar settar reikningsskilareglur.

# Endurmat hjá Norðurorku

## Endurmat veitukerfa og fasteigna

Í árslok 2018 var framkvæmt sérstakt endurmat á veitukerfum og fasteignum Norðurorku hf. sem er hluti af samstæðu sveitarfélagsins. Við endurmatið voru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis en gangvirði veitukerfa og fasteigna félagsins var ákvarðað útfra afskrifuðu endurstofnsverði. Í því fólst að stofnverð og uppsafnaðar afskriftir voru framreiknaðar miðað við breytingar á byggingavísitölu. Endurmat er fært til hækkunar á bókfærðu verði eigna og móti á sérstakan endurmatereikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskatti. Tekjuskattskuldbinding Norðurorku hækkar samhliða endurmati á eignum í skattskyldum hluta rekstursins og vegna eigna í sameiginlegum notum.

Endurmat á veitukerfum og fasteignum Norðurorku var síðast framkvæmt á árinu 2009 og var þá framreikningur eigna miðaður við breytingar á vísitölu neysluverðs. Þar áður höfðu allar eignir félagsins verið framreiknaðar með vísitölu neysluverðs til ársloka 2001 í samræmi við þágildandi reglur (verðbólguþrengingsskil). Við erum sammála því mati að notuð sé byggingavísitala í stað vísitölu neysluverðs við endurmatið þar sem hún ætti að gefa betri mynd af breytingum á endurstofnsverði viðkomandi eigna. Til samanburðar má geta þess að Orkuveita Reykjavíkur notar einnig byggingavísitölu við framkvæmd endurmat á sínum veitukerfum og fasteignum.

Farið var yfir endurmatlíkanið sem byggir á fyrningaskýrslum félagsins frá árinu 2017 að viðbættum eignabreytingum ársins. Skoðaðir voru þeir endurmatstuðlar sem beitt var og farið yfir uppreikning á stofnverði og uppsöfnuðum afskriftum eigna.

Niðurstaða endurmatins nam í heild kr. 3.816 millj. áður en tekið var tillit til niðurstöðu virðisrýrnunarprófs sem framkvæmt var á eignunum eftir endurmat.

## Virðisrýrnunarpróf

Virðisrýrnunarpróf voru framkvæmd á sjóðskapandi einingar Norðurorku, hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu mv. stöðu eigna í árslok 2018 eftir endurmat. Prófin voru framkvæmd til þess að meta það hvort bókfært verð eigna stæði undir væntu framtíðarsjóðsstreymi eininganna.

Niðurstaða virðisrýrnunarprófanna leiddi í ljós að hitaveita, vatnsveita og fráveita standa vel undir endurmetnu verðmæti og er umframvirði töluvert hjá öllum þessum veitum. Rafveitan stendur hinsvegar ekki undir endurmetnu virði og munar þar um kr. 458 millj. Það má þó segja að færð sé endurmatshækkun hjá rafveitunni þar sem nú kemur til baka hluti af virðisrýrnun sem færð var á veituna í tengslum við endurmatið 2009.

Helstu forsendur virðisrýrnunarprófanna eru eftirfarandi:

- Tekjuvöxtur næstu 5 ára er áætlaður 8,0%
- Framtíðartekjuvöxtur er áætlaður 4,0%
- Veginn fjármagnskostnaður (WACC) er 8,53%

## Niðurstaða

Við höfum yfirfarið endurmatlíkan Norðurorku og lagt mat á þær forsendur sem endurmatið byggir á. Engar athugasemdir gerðar við útreikninga eða þá endurmatstuðla sem notaðir eru við endurmatið.

Við höfum einnig farið yfir og lagt mat á helstu forsendur virðisrýrnunarprófa á veitum Norðurorku. Við teljum að þær forsendur sem notaðar eru í virðisrýrnunarprófum á veitum félagsins séu eðlilegar og endurspeglar vel rekstur og stöðu Norðurorku.

# Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

## Eftirlitsumhverfi og innra eftirlit

Farið var yfir eftirlitsumhverfið og lykilkætti í innra eftirliti. Viðhorf stjórnenda til innra eftirlits er að okkar mati jákvætt.

Farið var yfir ferlalyfingar fyrir alla helstu viðskiptaferla í starfsemi sveitarfélagsins með stjórnendum og lykilstarfsmönnum. Greindar voru helstu eftirlitsaðgerðir í ferlunum og framkvæmd þeirra metin.

## Aðfangarferli

Farið var yfir samþykktarferli á rekstrarkostnaði sveitarfélagsins. Rafrænt samþykktarferli er innbyggt í fjárhagskerfi sveitarfélagsins og fer allur almennur kostnaður í gegnum það kerfi. Tekið var úrtak úr hreyfingum á vöru og þjónustukaupum sveitarfélagsins og athugað hvort reikningar og önnur fylgiskjöl væru samþykkt af réttum aðila og hvort skráning væri í lagi. Engin sérstök frávik komu fram við yfirferðina og teljum við að samþykktarferlið sé virkt og vel upp sett.

## Launarferli

Farið var yfir grunngögn vegna launavinnslu fyrir valin launatímabil innan ársins. Meðal annars var skoðað hvort til staða væru ráðningarsamningar og hvort samþykkt væri til staðar fyrir unnum tímum, öðrum greiðslum og launabreytingum. Einnig var farið yfir afstemmingar, skráningar og aðrar eftirlitsaðgerðir sem framkvæmdar eru hjá launadeildinni. Engin sérstök frávik komu fram við yfirferðina og teljum við að eftirlit í ferlinu sé virkt og vel upp sett.

## Framkvæmdir og eignfærslur rekstrarfjármuna

Farið var yfir framkvæmdir ársins hjá sveitarfélaginu og meðal annars setinn fundur með stjórnendum þar sem ákvarðanir voru teknar um eignfærslu framkvæmda-kostnaðar á árinu 2018. Stórar framkvæmdir hafa verið í gangi hjá sveitarfélaginu og viljum við benda á mikilvægi þess að reglulega sé farið yfir framvindu stærri verka og kostnaður metinn með hliðsjón af áætlunum.

## Tölvuumhverfi og eftirlit með fjárhagsupplýsingum

Farið var yfir tölvuumhverfi sveitarfélagsins, skoðuð lykilkætti tengd fjárhagsupplýsingum og eftirlit í ferlinu metið.

Sveitarfélagið úthýsir rekstri tölvukerfa til Advania sem sjá um hýsingu og alla almenna tölvuþjónustu samkvæmt þjónustusamningi. Origo hýsa og þjónusta svo SAP kerfið en verkefnastjóri hjá sveitarfélaginu hefur yfirumsjón með kerfinu. Lítið er til af skriflegum reglum eða ferlum í tengslum við tölvumálin en þó eru til staðar þjónustusamningar við Advania og Origo sem taka á helstu þáttum í tengslum við hýsingu, afritun og öryggismál. Einnig eru til staðar reglur varðandi umgengni þjónustuaðila um SAP kerfið þar sem fjallað er um heimildir til breytinga á kerfinu og aðgangsmál. Farið var yfir þjónustusamninga og fyrirspurnir sendar á þjónustuaðila varðandi lykilkætti í tengslum við hýsingu og öryggismál.

Á árinu 2018 var gerð stór uppfærsla á SAP kerfinu. Farið var yfir framkvæmdina með verkefnastjóra hjá Akureyrarbæ sem hefur umsjón með SAP kerfinu. Aðskildir grunnar eru notaðir fyrir þróun, prófanir og keyrslu á SAP kerfinu og má segja að heilt yfir hafi uppfærsla á kerfinu gengið vel fyrir sig.

Farið var yfir aðgangsstýringar í SAP kerfinu og eftirlit með aðgangi notenda. Vel er haldið utan um aðgang starfsmanna að kerfinu og greindum við ekki sérstök frávik eða brotalamir í aðgreiningu starfa í tengslum við kerfinu við yfirferð okkar.

## Niðurstaða

Við höfum ekki greint verulega veikleika í aðgreiningu starfa hjá sveitarfélaginu. Yfirferðin kom almennt vel út og eru lykileftirlitsaðgerðir að okkar mati virkar.

# Önnur mikilvæg atriði

## **Rekstur Framkvæmdamiðstöðvar**

Samkvæmt ársreikningi Framkvæmdamiðstöðvar nam tap af rekstri hennar á árinu 2018 kr. 58,9 millj. samanborið við kr. 37,5 millj. hagnað árið 2017 en gert hafði verið ráð fyrir kr. 4,7 millj. tapi á árinu 2018 í fjárhagsáætlun. Í 6 mán uppgjöri sveitarfélagsins fyrir árið 2018 voru komnar fram vísbendingar um að tap væri á rekstri framkvæmdamiðstöðvarinnar. Ákveðið var því að fara sérstaklega yfir reksturinn í tengslum við ársuppgjörið og var m.a. farið og birgðir framkvæmdamiðstöðvarinnar skoðaðar eftir áramótin. Einnig var kallað eftir skýringum á afkomu Framkvæmdamiðstöðvar frá stjórnendum.

Kostnaður við flutninga á trésmíðaverkstæði, skrifstofu og breytinga og endurbóta á lageraðstöðu á Rangárvöllum námu um kr. 15 millj. en ekki hafði verið gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárhagsáætlun. Minnisblað um breytingarnar lá fyrir í mars 2018 og hefði í kjölfarið á því átt að okkar mati að leggja fram viðauka við fjárhagsáætlun þar sem þessum kostnaðarliðum væri mætt.

Tekjur malbikunarstöðvar eru undir áætlun og bæði vöru og þjónustukaup nokkuð yfir áætlun. Ekki hefur verið staðið rétt að uppfærslu á gjaldskrá malbikunarstöðvarinnar í kjölfarið á innkaupum á asfalti sem hefur töluverð áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins.

Ekki var búið að telja eða mæla efnisbirgðir við skoðun okkar í ársbyrjun. Fengnar voru þó mælingar og kom í kjölfarið í ljós að færa þurfti niður efnisbirgðir um nokkrar milljónir. Mikilvægt er að fá nákvæma mælingu á magntölum í tengslum við ársuppgjör eins og frávik í efnisbirgðum í kjölfar talningar 2018 gefa í ljós.

Bæta þarf utanumhald birgða og vanda betur ferlið í kringum verðlagningu þess efnis sem selt er útfra malbikunarstöðinni. Reikna þarf alltaf upp ný einingaverð þegar berast nýjar sendingar af asfalti fyrir malbikunarstöðina.

## **Mikilvægismörk**

Ákvörðun mikilvægismarkna er mikilvægur hluti af ferli áhættumats og skipulagningar í endurskoðun skv. alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum. Mikilvægismörk eru bæði notuð við skipulagningu endurskoðunarinnar og við mat á áhrifum af óleiðréttum skekkjum sem hafa komið fram við endurskoðunina á reikningsskilin. Í samhengi mikilvægismarkna eru upplýsingar í ársreikningi taldar mikilvægar ef þær eru taldar hafa áhrif á þær efnahagslegu ákvarðanir sem lesendur taka á grundvelli upplýsinga í ársreikningi. Við ákvörðun mikilvægismarkna þurfum við því að beita faglegu mati með mögulega notendur reikningsskilanna í huga.

Mikilvægismörk samstæðu A og B hluta voru skilgreind kr. 364,6 milljónir eða 1,5% af rekstrartekjum en horft var á meðaltal ársins 2017 og áætlunar fyrir árið 2018. Ákvörðun mikilvægismarkanna er byggð á þekkingu okkar á rekstri sveitarfélagsins og reynslu af sambærilegum verkefnum. Í samhengi við heildarmikilvægismörkin eru sett fram mörk fyrir óleiðréttar skekkjur sem voru skilgreind sem 5% af heildarmörkunum eða kr. 13,7 millj.

Engir óleiðréttir mismunir eða skekkjur eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju.

## **Staðfesting á óhæði**

Við staðfestum hér með óhæði okkar gagnvart sveitarfélaginu. Okkur er ekki kunnugt um nein tengsl á milli Enor eða starfsmanna Enor og Akureyrarbæjar sem að okkar faglega mati gætu skert óhæði okkar sem endurskoðenda sveitarfélagsins.